

1502284
15.15

Bygging Íþróttamiðstöðvar GKG

Verkefnisstjórnarfundur 5 haldinn hjá GKG 1. september 2015, kl. 10:00.

Mættir: Steingrímur Hauksson, Kópavogi; Eysteinn Haraldsson, Garðabæ, Agnar Már Jónsson GKG og Kristinn Jörundsson GKG.

Dagskrár fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verkáætlun
3. Raun vs áætlun
4. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir

2. verkáætlun.

Steypuvinna er nánast búin og er verktakinn búinn að vinna upp þá sex daga sem töpuðust í upphafi vegna klapparinnar. Gert er ráð fyrir að húsið verði fókelt í lok september. Hætta er á að aðfangakeðjan verði flöskuháls og er t.d. mjög tæpt að flísar á útveggi komi á tíma. Það gæti haft þær hliðaverkanir að veður hamli því að hægt verði að líma flísarnar. Verktakinn er þó í stakk búinn til að tjalda yfir stillansa og hita vinnusvæðið. Byggingarstjóri fylgir því vel eftir að aðfangakeðjan sé skilvirk.

3. Raun vs áætlun.

Ekki eru nein teljandi frávik frá áætlunum. Búið er að ganga frá samningi vegna umframmagns á klöpp, en verkkaupi greiðir þrjár milljónir aukalega fyrir þá vinnu. Gert er ráð fyrir 30 milljónum í fráviksverkefni og eru því 27 milljónir eftir í þeim sjóði. Um 34% eru búin af heildarverkinu og er kostnaður jafnframt á 34%. Sjá viðauka, Raun/Áætlun.

4. Önnur mál

Búið er að ganga frá fyrir hluta fjármögnunar við Arion Banka en það er lán með veði í greiðslum frá sveitafélögunum. Til að seinni hluti lánsins verði afgreiddur, þá þarf að klára afmörkun lóðar fyrir húsið. Erindi liggur inni hjá Garðabæ sem er lykilatriði að klárast í september (sjá viðauka „Afmörkun lóðar-tillaga“). Í framhaldinu þarf GKG að vinna að viðauka við lóðarleigusamning í samráði við Snævar hjá Ríkiseignum. Þá fyrst verður húsið veðhæft fyrir seinni hluta fjármögnunnar. Eysteinn tekur boltann varðandi þátt Garðabæjar.

Fundinn ritaði AMJ.